

VILJAYFIRLÝSING um rafvæðingu hafna með landtengingum


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir sf., Veitur og Eimskipafélag Íslands hf. eru einhuga um að vinna sameiginlega að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengandi efna frá starfsemi hafnarsvæða í Reykjavík. Fyrirnefndir aðilar staðfesta hér með vilja sinn, til að koma upp og taka í notkun háspennutengibúnað fyrir flutningaskip á Sundabakka. Um er að ræða fyrsta áfanga í tímamótaverkefni á sviði loftslagsmála á Íslandi.

Veitur og Faxaflóahafnir sf. munu gera með sér samkomulag um eignarhald búnaðar á landi, fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag, en og Eimskipafélag Íslands hf. mun annast nauðsynlegar breytingar á stærstu skipum félagsins á eigin kostnað þannig að þau megi landtengja í viðlegu. Faxaflóahafnir munu leggja til verkefnisins á Sundabakka 60 milljónir króna og Veitur 60 milljónir króna. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti mun styrkja verkefnið á Sundabakka um 60 milljónir króna þegar kaup á nauðsynlegum búnaði hafa verið staðfest.

Verkefnið er fyrsta skrefið á Íslandi í landtengingu stærri skipa sem þurfa háspennutengingu til móttöku á rafmagni í viðlegu í stað þess að keyra ljósavélar. Ávinningurinn af þessari aðgerð verður annars vegar minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar bætt loftgæði íbúa á svæðinu. Með búnaði fyrir háspennutengingar á Sundabakka munu flutningaskip sem þar koma til hafnar geta tengst landrafmagni.

Það er vilji undirritaðra að nauðsynlegur búnaður í þessum áfanga verði tilbúinn til notkunar á fyrri hluta árs 2021.


Reykjavík 15. maí 2020



F.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytis



F.h. Faxaflóahafna sf.



F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Veitna



F.h. Eimskipa hf.